

Mál nr. 30/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 7. desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 30/2010

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

### I Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 7. júní 2010 er farið fram á að siðanefnd úrskurði og ógildi kjör manna til stjórnar Vorstehdeildar á ársfundi deildarinnar 2010. Þá er farið fram á að boðað verði til nýs fundar og kosninga þar sem farið verði eftir reglum HRFÍ. Í kærinni er því haldið fram að kosning í stjórn Vorstehdeildar hafi verið í andstöðu við starfsreglur ræktunardeilda sem stjórn HRFÍ setji enda sé skýrt kveðið á um það þar að á fyrsta ársfundi nýrrar deildar skuli kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og tvo til eins árs. Kæran var send til umsagnar stjórnar Vorstehdeildar sem svaraði með bréfi dagsettu 11. júlí 2010. Í bréfinu er þess krafist að siðanefnd vísi málinu frá sem tilhæfulausu. Er vísað til þess að á umræddum fundi hafi fundarmenn samþykkt að leitað yrði úrskurðar stjórnar HRFÍ sem hafi fengist og eftir honum farið. Réttilega hafi verið að kosningum staðið í einu og öllu. Andsvör kærðu Y voru send kærendum X til umsagnar en umsögn dagsett 5. október barst siðanefnd 12. þess mánaðar. Í bréfinu var skoðun kæranda X á brotum kærðu ítrekuð. Eins eru borin brigsli á þá fullyrðingu í bréfi kærðu X að leitað hafi verið úrskurðar stjórnar HRFÍ. Áður en afráðið var að boða aðila til sáttafundar tók siðanefnd málið til skoðunar og einhugur er um að ljúka málinu þar sem siðanefnd telur kæruefnið utan lögsögu siðanefndar.

### III Forsendur

Valdsvið siðanefndar er tilgreint í 26. gr. laga HRFÍ. Eins og þar segir er siðanefnd ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

Mál þetta varðar því hvorki reglur er kveða á um meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda heldur varðar það stjórnarkjör deildar innan félagsins. Deildir félagsins starfa á grundvelli heimilda í VII kafla laga HRFÍ sem fjallar um Ræktunardeildir. En þar er í 19. gr. stjórn HRFÍ falið að setja deildunum starfsreglur. Eins skulu deildir skila ársskýrslum til félagsstjórnar samkvæmt 22. gr. laganna. Þá er í lögum félagsins við það miðað að stjórn HRFÍ geti lagt niður deild ef hún stendur ekki við skyldur sínar samkvæmt lögum sbr. c. lið 23. Greinar laganna. Framangreind ákvæði í lögum félagsins verða ekki skilinn á annan hátt en að deildir starfi á ábyrgð stjórnar HRFÍ og undir þeirra stjórn og eftirliti. Kærendum X bar því að leita með erindi sitt til stjórnar HRFÍ en ekki siðanefndar.

Þessu til stuðnings skal á það bent að viðurlög þau sem siðanefnd getur beitt eru afmörkuð í 27. gr. laga HRFÍ. Ógilding stjórnarkjörs deilda er ekki meðal þeirra úrræða sem siðanefnd getur beitt. eru því ekki lagaskilyrði til að verða við kröfum kæranda.

#### IV Niðurstaða

Máli þessu er vísað frá siðanefnd.

f.h. siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir